

---

# Fornleifaskráning í landi Ormsstaða, Grímsnesi

---



Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig G. Beck

---

FS1088-26071

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2026

---



Verknúmer MÍ: 3549

Mynd á forsíðu er af vörðu ÁR-446:022\_03, horft til suðvesturs.

©Fornleifastofnun Íslands 2026  
Bræðraborgarstíg 9  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Netfang: fsi@fornleif.is  
Vefsíða: www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan tveggja deiliskipulagssvæða, sem samtals eru 83 ha að stærð, í landi Ormsstaða ÁR-446 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fyrirhugaðar eru breytingar á eldra deiliskipulagi og sameining sumarhúsalóða innan þeirra. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Grímsnesi og var þá ein fornleif skráð innan svæðis. Í landi Eyvíkur ÁR-445 voru alls fjögur vöð auk einnar stíflu skráð á merkjum þessara jarða og birtast upplýsingar um þá staði að auki. Við skráninguna 2026 fundust fimm fornleifar til viðbótar og alls eru því upplýsingar um 11 fornleifar í þessari skýrslu. Allar fornleifar innan deiliskipulagsreitsins voru skilgreindar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

*Efnisorð: Grímsnes- og Grafningsbreyting, fornleifaskráning, Ormsstaðir, Fornleifastofnun Íslands*

## English Summary

This report presents the results of an archaeological survey conducted within two detailed planning areas, in total 83 hectares, on the land of Ormsstaðir (ÁR-446) in Grímsnes- and Grafningshreppur municipality. The survey was carried out by the Institute of Archaeology of Iceland on behalf of the landowners. The Institute had previously conducted a general archaeological survey in Grímsnes, during which one archaeological site was recorded within the area. Additionally, a total of four river crossings and one dam had previously been recorded within the property of Eyvík (ÁR-445), on the property boundaries of these farms, and information about those sites is also included in this report. During the 2026 survey, five additional archaeological sites were discovered, bringing the total number of recorded archaeological sites to eleven. All archaeological sites within the detailed planning area were classified as being at high risk due to the proposed developments.

*Keywords: Grímsnes- og Grafningsbreyting municipality, archaeological survey, Ormsstaðir, Institute of Archaeology*



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	<b>7</b>
<b>2. Um fornleifaskráningu</b>	<b>9</b>
<b>3. Aðferðir</b>	<b>11</b>
ÁR-445 Eyvík	13
ÁR-446 Ormsstaðir	14
ÁR-701 Fornleifar á fleiri en einni jörð	16
<b>5. Niðurstöður</b>	<b>18</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>22</b>
<b>Viðauki I: Minjakort</b>	<b>23</b>



Mynd 1: Deiliskipulagssvæðin eru samanlagt um 83 ha og afmarkast af bláum línum á myndinni.  
©Loftmyndir ehf

# 1. Inngangur

Í byrjun febrúar var unnin fornleifaskráning innan tveggja deiliskipulagssvæða í landi Ormsstaða í Grímsnesi, nú Grímsnes-og Grafningshreppi, að beiðni landeigenda. Nyrðra svæðið, L168271, er um 65 ha en þar er gert ráð fyrir frístundabyggð á 49 lóðum og eru nú þegar um 20 sumarhús þar. Um er að ræða endurskoðun á eldra deiliskipulagi frá 1997, sem gert var áður en aðalskipulag fyrir sveitarfélagið lá fyrir. Ráðist er í endurskoðunina þar sem eldra deiliskipulagið var unnið á ónákvæma kortagrunna, auk þess sem nokkur frávik hafa orðið á legu mannvirkja sem og lóðastærðum. Syðra svæðið, Vaðholt, er alls um 18 ha en þar er fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi sem felur í sér sameiningu fimm lóða. Þar eru tvö sumarhús. Samanlagt eru svæðin um 83 ha að stærð.

Skráningarsvæðin eru bæði á vesturmerkjum Ormsstaða og eru því í úthögum gömlu bújarðarinnar. Að vestan afmarkar Grjótá bæði svæðin en vélgrafnir skurðir eru á mörkum til austurs. Sólheimavegur 354 aðskilur svæðin tvö sem eru beint upp af hvort öðru. Landið innan beggja svæðanna er álíka, þar eru gróin holt, mólendi, mýri og tún. Við sumarhús og meðfram vegum er að auki víða mikill trjágróður.

Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Grímsnesi og var þá ein fornleif skráð innan svæðis.<sup>1</sup> Á merkjum voru hins vegar skráð fjögur vöð auk einnar stíflu í landi Eyvíkur ÁR-445, og eru þessir staðir einnig með í skýrslunni. Árið 2016-2018 var aðalskráning í Grímsnes- og Grafningshreppi endurskoðuð, þ.e. kortagögn og loftmyndir voru yfirfarin og auk vettvangsvinnu á völdum svæðum. Engin ný fornleif fannst innan þessa svæðis við þá vinnu.<sup>2</sup> Í aðalskráningu er aðeins gengið á þekktu staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin né minjar mælar upp líkt og krafa er gerð um nú vegna skipulagsvinnu og því finnast gjarnan áður óþekktar minjar við



Mynd 2: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á Íslandskortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands/Náttúrufræðistofnun.

1 Birna Lárusdóttir 2002, 64-72  
2 Birna Lárusdóttir, 2017

skráningu sem þessa. Við skráninguna 2026 fundust fimm fornleifar til viðbótar við þær sem voru áður þekktar og eru því samtals 11 fornleifar þekktar innan og nærri deiliskipulagssvæðunum.

Við skráninguna 2026 var gengið skipulega yfir deiliskipulagssvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar mældar upp. Skráningin var unnin af Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Sólveigu G. Beck, fornleifafræðingum, og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

## 2. Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minjastaða, greina þá eftir tegundum, og kanna ástand þeirra og afdrif. Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (heimildaskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þ.a.l. getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún um hvort þessháttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

### 3. Aðferðir

Athuganir og kortlagning minjastaða á Íslandi á vegum Fornleifastofnunar Íslands eru skráð í gagnagrunninn Ísleif. Í því kerfi er landinu skipt upp í svæði, sem jafnan eru jarðir, eða afréttir og önnur óbyggð svæði. Í gegnum tíðina hafa jarðir skipst og sameinast og landamerki breyst. Kerfið byggist þ.a.l. á almennri viðmiðun um hinar ýmsu landfræðilegu einingar (jarðir, hreppar, sóknir) sem er fest í tíma, þ.e. 1847. Á því ári var gefin út rækileg skrá (Jarðatal Johnsens) og er hún lögð til grundvallar. Hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001:01).

Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á búskaparstöðum, staðháttum og náttúrufari. Þar á eftir kemur listi yfir alla minjastaði sem fundust innan hvernar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar auðkennisnúmer. Á eftir því kemur sérheiti staðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: SF-175-009

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: Sveinshlaða

Sérheiti: tóft

Tegund: hláða

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: E: 528751 N: 352323

Sýslutákn

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Sveinshlaða 009, horft til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfid norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað var um samkvæmt rituðum eða munnlegum heimildum en er horfið, eða staður þar sem ekki hefur verið mannvirki en hefur menningarsögulega merkingu (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra (s.s. bústaður, legstaður, vatnsból) er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar finnast, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst og staðhættir. Loks er lýsing á minjunum sjálfum ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustiggin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## 4. Fornleifaskrá

### ÁR-445 Eyvík

42 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. “Heyvík, menn segja að fornu heiti Eyvík.” Hjáleigan Fagurhlíð talin með 1708. JÁM II, 336.

1918: Tún 5,9 ha, þar af slétt um 9/10. Garðar 1264 m<sup>2</sup>.

“Bærinn stendur nyrst á bröttum og allháum ás norðanvert við Hestvatn. Grjótá ræður mörkum að austanverðu en Hestvatn og Galtarlækur að sunnan og suðvestan. Landið að mestu mýrlendi, einnig móaholt og grýttir ásasr, einkum með vatninu.” Sunnlenskar byggðir III, 153.

1890: Guðrún Sigurðardóttir ekkja í Eyvík í Grímsnesi fær verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX., hafði byrjað búskap 1856: “Sljettur í túni eru 16 1/3 dagsl., auk þess töluvert af girðingum, haugstæði flórað og umgirt, heyhlaða höggvin inn í berg [ekkert vitað nú?] o.fl. Peningshús öll mjög vönduð og alþakin hellu, aðfluttri langan og örðugan veg.” (Búnaðarrit 15, 199)

“Landamerki: Grjótá ræður frá Austurvík að Engjalæk, síðan ræður Stærri-Bæjargil í Markahvamm og þaðan í þúfu fremst á Selholti; þaðan um rúst á mýrinni í Heiðrimakeldu; svo ræður hún að Galtarlæk og svo Galtarlækur í Vesturvík.” Ó-Eyvík, 1.

ÁR-445:016 heimild, vað

X: 417622

Y: 395063

Vað var yfir Grjótá á leið ÁR-701:054 sem farin var á milli Eyvíkur ÁR-445 og Hamra ÁR-448. Grjótá er á landamerkjum Ormsstaða ÁR-446 og Eyvíkur. Vaðið var tæplega 800 m norðan við bæ 001 og um 220 m norðan við vað 028, um 35 m vestan við sumarbústað við Þverholtiðveg 2 í landi Ormsstaða.

Bakkar Grjótár eru grónir og um 4-5 m á hæð. Á þessum stað er Grjótá 5-8 m á breidd, líklega 0,5-1 m djúp og vatnslítill. Í landi Eyvíkur að vestan er leirríkur árbakkinn rofinn þar sem vestasti kafli leiðar ÁR-701:054 lá niður að ánni úr vestri. Ekkert sést til skýrra gatna í bakka árinna að austanverðu í landi Ormsstaða á þessum stað. Líklegt er að farið hafi verið yfir vaðið skáhallt til NNA uppá Þverholt, að minnsta kosti á hestbaki. Austan við vaðið er Þverholt 3-4 m hátt og snarbratt svo líklega hefur ekki verið farið beint til austurs upp frá vaðinu nema kannski gangandi.

Almennt hættumat: hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda



Vað ÁR-445:016 var á þessu svæði, horft til SSV.

ÁR-445:018 Stíflukrókur heimild, áveita

X: 418011

Y: 394319

“Norður með Grjótá, móts við suðurenda Vaðholts, sem er austan við ána, heitir Stíflukrókur. Þarna eru hleðslubrot við Grjótána beggja vegna, síðan Jóhannes Einarsson, óðalsbóndi í Eyvík og á Ormsstöðum (hann átti báðar jarðirnar um tíma og bjó átta ár á Ormsstöðum) hugðist gera stíflu í ána til að veita vatni úr henni í áveituskyni,” segir í örnefnaskrá. Stíflukrókur er 1,1 km suðaustur af bæ, gegnt tveimur sumarbústöðum sem standa á holti í Ormsstaðalandi.

Grónir árbakkar.

EKKI fundust stífluleifar en líklegast er að stíflan hafi verið við austurenda Króksins, þar sem áin rennur til í bug til vesturs og þrengist síðan í suðurátt. Grjótá flæðir oft yfir bakka sína í leysingum og líklega er stíflan horfin af þeim sökum.

Almennt hættumat: hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda  
Heimildir: Ö-Eyvík, 4

ÁR-445:028 frásögn, vað



Vað ÁR-445:028 var á þessu svæði, horft til suðurs.

X: 417669 Y: 394839

Ef ekið er í austur frá Eyvík í átt að Ormsstöðum er farið yfir brú á Grjótá. Þar sunnan við ána er greinilegt klettaneft sem heitir Hellunef. Þar var vað yfir ána að sögn Emmu Kolbeinsdóttur, heimildamanns.

Áin rennur til suðurs undan veginum en sveigir þar til austurs með honum. Bakkar hennar eru víða grýttir.

Breidd er á ánni þar sem hún kemur undan vegi. Nokkuð greinileg, gróin upphækkun, líklega gamall vegur, liggur að ánni beggja vegna. Á þessum stað var reist fyrsta brúin yfir Grjótá árið 1934.

Almennt hættumat: hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

ÁR-445:037 frásögn, vað,



Vað ÁR-445:037 var á þessu svæði, horft til norðurs.

X: 418115 Y: 394372

Vað var á Grjótá á leiðinni til Ormsstaða (sbr. götu ÁR-701:056) að sögn Emmu Kolbeinsdóttur, um 1,2 km ASA af bæjarhól 001, gegnt Vaðholti en á því eru tveir sumarbústaðir í Ormsstaðalandi.

Áin breiðir úr sér á þessum stað og rennur til suðurs en sveigir í krók rétt neðan við vaðið. Vestan megin ár er þýfi en austan megin Vaðholt.

Almennt hættumat: hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

## ÁR-446 Ormsstaðir

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. JÁM II, 335-336.

1918: Tún 7,4 ha, þar af slétt 11/12. Garðar 1172 m<sup>2</sup>. Túnakort

“Bærinn stóð suðaustan í allstórum ás en nú á síðustu árum hafa íbúðarhús og gripahús verið færð upp á brúnina (ásinn) þar sem miklu vísýnna er. Landið er að mestu framræst mýrlandi en móaholt hér og þar. Slauka og Grjótá ráða landamerkjum að suðaustan, sunnan og vestan en að öðru leyti vélgrafnir skurðir og girðingar. Góðar 300 hesta flæðingjar voru á bökkum Slauku. (...) Nokkrir sumarbústaðir eru á jörðinni. [...] Jörðinni var skipt upp 1958 í Ormsstaði I og II.” Sunnlenskar byggðir III, 154.

1886 fékk Þorkell Jónsson á Ormsstöðum verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX., hann reisti bú á hálfleundunni 1855 en bjó síðar á allri jörðinni: “Sljettur í túni nema fast að 15 dagsl., grætt út tún 2 dagsl., matjurtareitir að mestu nýir 470 f., vatnsveitingaskurðir um 1000 f. o.fl. [...] Hann hefur byggt upp allan bæinn.” (Búnaðarrit 15, 196)

ÁR-446:022

Á herforingjaráðskorti 47 SV eru merktar tvær vörður, ein á suðausturenda Þverholts og hin á stakstæðu holti sem kallast Einbúi. Við vettvangsvinnu kom í ljós að vörðurnar (01 og 02) á Einbúa eru tvær talsins en ein (03) var á Þverholti. Vörðurnar voru vegvísar á leið ÁR-701:055 sem lá hér yfir Þverholt og vesturhluta Einbúa.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar  
Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda  
Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV 1908 1:50000

ÁR-446:022:01 varða, samgöngubót

X: 417611

Y: 395676

Varða 01 er 6 m VNV við vörðu 02 og rúmum 430 m norðvestan við vörðu 03. Varðan er á Einbúa sem er stakstætt holt, við norðvesturenda Þverholts, um 110x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Einbúi er um 6 m á hæð, algróinn og þýfður.

Lítið mýrarsund er á milli Einbúa og Þverholts en nú er þar vélgrafinn skurður. Sumarhús eru vestan og suðaustan við Einbúa og malarvegur liggur í sveig sunnan undir honum.

Varða 01 er torfhlaðin, um 0,4 m á hæð og um 1 m í þvermál. Hún líkist einna helst stórrí, gróinni þúfu og hvergi sér glitta í grjóti í henni. Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar  
Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda



Varða ÁR-446:022:01, horft til norðvesturs.

ÁR-446:022:02 varða, samgöngubót

X: 417617

Y: 395675

Varða 02 er um 6 m suðaustan við vörðu 01. Varðan er á Einbúa sem er stakstætt holt, við norðvesturenda Þverholts, um 110x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Einbúi er um 6 m á hæð, algróinn og þýfður. Vörður 01 og 02 eru á Einbúa en varða 03 á Þverholti.

Varða 02 er eins og varða 01 að gerð og lögun en umfangið er öllu minna. Hún er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hún líkist einna helst stórrí, gróinni þúfu og hvergi sér glitta í grjóti í henni.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar  
Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda



Vörður ÁR-446:022:01 og 02, horft til suðvesturs.

ÁR-446:022:03 varða, samgöngubót

X: 417836

Y: 395301

Varða 03 er um 430 m suðaustan við vörður 01 og 02, nánast á miðju Þverholti. Varðan er innan lóðarinnar Þverholtsveggar 9. Varðan er 2x2 m að grunnfleti, 0,2-0,5 m á hæð en hrunin. Stórt mosa- og skófum vaxið grjót, nánast í hrúgu á austanverðu Þverholti. Varðan er um 10 m austan við malarveg og skjólbelti er á milli þeirra.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar  
Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda



Varða ÁR-446:022:03, horft til suðvesturs.

ÁR-446:023 heimild, vað

X: 471306

Y: 395788

Vað var á Grjóta um 1,9 km norðvestan við bæ 001 og um 1 km suðvestan við mógrafir 018. Vaðið var notað á leið ÁR-701:055 sem lá á milli Brjánsstaða ÁR-420 til norðvesturs og Ormsstaða ÁR-446 til suðausturs.



Vað ÁR-446:023 var á þessu svæði, horft til vesturs.

Leiðin lá eftir holtum og yfir mýrar. Samkvæmt herforingjaráðskorti 47 SV frá 1908 voru tvær vörður [sjá 022] við hana á Þverholti í landi Ormsstaða og sjást þær enn.

Áin breiðir úr sér á þessum stað og rennur til suðurs. Vestan megin ár er lækur sem rennur í hana. Beggja vegna árinna er framræst mýri.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV 1908 1:50000

## ÁR-701 Fornleifar á fleiri en einni jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Grímsneshreppi.

ÁR-701:054 heimild, leið



Leið ÁR-701:054 sést enn vestan Grjótár, í landi Eyvíkur. Myndin er tekin þar, utan við deiliskráningarsvæðið.

X: 417880 Y: 394996

Samkvæmt Herforingjaráðskorti Dana frá 1907 lá leið milli bæjanna Hamra ÁR-448 í austri og Eyvíkur ÁR-445 í vestri. Leiðin var um 3,4 km á milli bæjanna tveggja og lá í gegnum land Ormsstaða um 650 m norðan við bæinn þar. Leiðin skaraðist við leið 055 um 780 m NNV við Ormsstaði ÁR-446 og lá yfir Grjótá á merkjum Eyvíkur og Ormsstaða á vaði ÁR-445:016.

Í landi Ormsstaða lá leiðin í gegnum mýrar og þvert yfir syðsta enda Þverholts. Mýrarnar eru framræstar og sumarhús ásamt trjágróðri þar sem leiðin lá yfir holtið.

Leiðin var skoðuð innan deiliskipulagsreits í landi Ormsstaða, við Þverholt. Leiðin sést ekki þar og var ekki rakin utan þessa tiltekna svæðis.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV 1908

1:50000

ÁR-701:055 heimild, leið

X: 417891 Y: 395263

Á Herforingjaráðskorti Dana frá 1907 er merkt um 4 km löng leið, sem er að litlum hluta vörðuð á milli Ormsstaða ÁR-446 og Brjánsstaða ÁR-420. Á leiðinni eru vörður ÁR-446:022:01-03 í landi Ormsstaða.

Leiðin lá í gegnum mýrar og yfir holt. Þarna eru nú tún, framræstar mýrar og gróin holt. Sumarhúsabyggð er á Þverholti í landi Ormsstaða þar sem leiðin lá og var lega hennar eingöngu skoðuð innan deiliskráningarsvæðis þar en ekki rakin utan þess.

Engin ummerki leidarinnar sjást í landi Ormsstaða.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV 1908 1:50000

ÁR-701:056 heimild, leið

X: 418115 Y: 394372

“Nokkru vestar í Múlholti [en götur að Hömrum ÁR-445:015] er slakki, sem heitir Ormsstaðamelur. Þar lágu götur að Ormsstöðum” segir í örnefnaskrá Eyvíkur. „Í henni er dálítið holt vestur við Grjótá og heitir Vaðholt. Þar var vað á Grjótá [ÁR-445:037]. Gata lá sunnan til í holtinu, og var farið þar út að Eyvík.” segir

í örnefnaskrá Ormsstaða. Leiðin er ekki sýnd á neinum kortum en lá norðvestur-suðaustur og var alls um 1,6 km að lengd. Hún hefur verið skoðuð að hluta í landi beggja jarðanna en er horfin. Árið 2002 var hún skráð undir númerinu ÁR-445:016 en því breytt í þessari skráningu.

Næst Eyvík hafa göturnar legið yfir tún og mýrar, þá yfir Grjóta á vaði ÁR-4445:037 og upp slakka á Vaðholti sem er þýft og gróið holt í Ormsstaðalandi. Á Vaðholti er sumarbústaður og mikil trjárækt. Þýfð mýri var á milli Vaðsholts og Ormsstaða, þar eru nú tún og framræstar mýrar.

Göturnar hafa legið því sem næst í beina stefnu milli bæjanna tveggja. Ekki sést lengur móta fyrir þeim nema hugsanlega í bakka vestan í Vaðholti. Þar er sneiðingur sem er um 30 m að lengd en þetta er þó óljóst.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Eyvík, 3; Ö-Ormsstaðir, 3



Vestan í Vaðholti sést slakki og er hann mögulega ummmerki um leiðina. Horft er til suðurs á myndinni.

## 5. Niðurstöður

Í febrúar 2026 voru tvö deiliskráningarsvæði, samtals um 83 ha, í landi Ormsstaða í Grímsnesi skráð með tilliti til fornleifa. Úttektarsvæðin eru í úthögum jarðarinnar og innan þess eru sjö fornleifar á fimm minjastöðum. Að auki eru í skýrslunni og á minjakortum færðar inn upplýsingar um fimm fornleifar sem skráðar voru í landi Eyvíkur á merkjum jarðanna tveggja. Alls eru því 11 fornleifar innan eða nærri mörkum deiliskipulagssvæðanna. Varðveisla fornleifanna er slæm og einungis þrjár vörður sjást enn. Í skráningunni voru fornleifar eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra (15 m frá ystu mörkum) voru innan úttektarsvæðis. Línulegar fornleifar s.s. leiðir voru því eingöngu raktar innan úttektarsvæðis. Allar fornleifarnar tengdust samgöngum utan einnar stíflu.

minj_id	Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Almenn hættu	Tímabundin hættu
3549-7	ÁR-445:016		heimild	vað	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-5	ÁR-445:018	Stíflukrókur	heimild	áveita	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-6	ÁR-445:028		frásögn	vað	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-4	ÁR-445:037		frásögn	vað	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-3	ÁR-446:023		heimild	vað	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-8	ÁR-701:054		heimild	leið	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-11	ÁR-701:055		heimild	leið	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-1	ÁR-701:056		heimild	leið	sést ekki	engin hættu	vegna framkvæmda
3549-2	ÁR-446:022 1		varða	samgöngubót	greinanlegar	hættu	vegna framkvæmda
3549-9	ÁR-446:022 2		varða	samgöngubót	greinanlegar	hættu	vegna framkvæmda
3549-10	ÁR-446:022 3		varða	samgöngubót	greinanlegar	hættu	vegna framkvæmda

Tafla 1: Yfirlit yfir allar skráðar fornleifar innan skipulagssvæðanna.




Mynd 4: Horft til norðausturs yfir norðurhluta nyrðra úttektarsvæðis. Innan þess eru m.a. framrestar mýrar, þýfð holt og sumarhús.

Úttektarsvæðin einkennast af framræstum mýrum og grónum holtum. Innan beggia svæðanna er frístundabyggð með tilheyrandi framkvæmdum. Þegar eru um 20 sumarhús innan úttektarsvæðanna og þar er talsverð trjárækt og jarðrask af ýmsum ástæðum.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þær fornleifar sem skráðar voru innan beggia úttektarsvæða en allar tengjast þær samgöngum, utan einnar.

Nyrðra úttektarsvæðið er norðan við Sólheimaveg 354, umhverfis svokallað Þverholt, og er tæpum 800 m norðaustan við bæinn á Ormsstöðum. Svæðið er um 65 ha að stærð og þar voru skráðar sex fornleifar sem allar tengjast samgöngum og sjást þrjár þeirra enn. Syðst er þjóðleið

ÁR-701:054 en hún sést á herforingjaráðskorti 47 SV frá 1908 og lá á milli Hamra ÁR-448 í austri að Eyvík ÁR-445 í vestri. Leiðin lá þvert í gegnum suðurenda úttektarsvæðisins, yfir suðurenda Þverholts og Grjótá á vaði ÁR-445:016. Leiðin er horfin innan skráningarsvæðisins en sést enn á litlum kafla austan við það, í svokallaðri Háubrekku. Leiðin sést einnig vestan við Grjótá í landi Eyvíkur. Þjóðleið ÁR-701:055 er einnig merkt inn á herforingjaráðskort 47 SV og lá á milli Ormsstaða og Brjánsstaða ÁR-420, m.a. eftir vesturhluta Þverholts. **Vað ÁR-446:023** á Grjótá var notað á þessari leið en engin ummerki leiðarinnar sjást lengur á yfirborði. Á herforingjaráðskortinu eru vörður sýndar við leiðina



Mynd 5: Yfirlit yfir nyrðra úttektarsvæðið og skráðar fornleifar innan þess.

á Þverholti og Einbúa og sjást þær enn. Vörður ÁR-446:022\_01 og 02 eru báðar á Einbúa en varða ÁR-446:022\_03 er á Þverholti.

Syðra svæðið er um 18 ha stórt og er sunnan við Sólheimaveg, og dregur nafn sitt af Vaðholti



Mynd 5: Yfirlit yfir syðra úttektarsvæðið og skráðar fornleifar innan þess.

sem er innan þess. Þar eru fjórar fornleifar og tengjast þrjár þeirra samgöngum en engin þeirra sést lengur. Þjóðleið ÁR-701:056 lá á milli bæjanna Ormsstaða og Eyvíkur og er getið í örnefnaskrár beggja bæjanna. Leiðin sést ekki lengur en slakki sést enn vestan í Vaðholti sem gæti borið henni vitni. Eins gæti hann tengst sumarhúsi sem þarna er. Farið var yfir ána á vaði ÁR-445:037 á leiðinni og líklega dregur Vaðholt nafn sitt af því. **Stíflukrókur ÁR-445:018** er skammt vestan við vaðið og ber tilraunum um áveitu vitni. Engin ummerki sjást lengur um stífluna. **Helluvað ÁR-445:028** var á Grjótá, skammt sunnan við Sólheimaveg en líklega var það notað á fyrsta veginum sem þarna var lagður á fyrri hluta 20. aldar.

Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum steðjar vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum steðjar almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda (sjá tafla 1). Nokkur fjöldi minjastaða var horfinn á svæðinu og þær því ekki metnar í hættu. Þær minjar sem enn sjást voru metnar í almennri hættu vegna byggðar. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að minjunum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir tímabundna hættumatið á þeim grunni. Allar minjarnar voru metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna en hættan var þó hvorki talin óhjákvæmileg

né óyfirstíganleg. Hættumatinu er því fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastöðum. Helgunarsvæði fornleifa er 15 m og hafa þarf það í huga við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reyndist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í stórhættu megi víkja við slíkar aðstæður.

# Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II: Forleifar á jörðum í austurluta Grímsness auk afréttar*. FS103-99063. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2018. *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi: Með viðbótum við eldri fornleifaskrá*. FS683-16141. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

*Búnaðarrit 15*. 1901. Reykjavík, Búnaðarfélag Íslands.

**JÁM II:** *Jarðabóke Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Árnessýsla*. II bindi. 1918–1921. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

**JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

**SB II:** *Sunnlenskar byggðir: Langardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selfoss*. III. bindi. 1983. [Útgáfustað vantar], Búnaðarsamband Suðurlands.

Óútgefnar heimildir

*Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin 1905–1915*. Sótt 14. febrúar 2026 af <http://islandskort.is/is/category/list/29>.

*Túnakort 1917-1920*. Uppdráttur af tünnum í Grímsneshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Eyvík: [Án ártals]. Örnefnaskrá Efri-Brúar. Guðmundur Guðmundsson skráði 1922, jók og endurbætti 1971. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ormsstaðir: [1994]. Örnefnaskrá Ormsstaða. Gísli Guðmundsson skráði 1970. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

# Viðauki I: Minjakort



# Nyrðra deiliskráningarsvæðið



0 100 200 300 400 m

# Nyrðra deiliskráningarsvæðið





446023

446022 1 446022 2

446022 3  
701055

445016

701054



# Syðra deiliskráningarsvæðið



701054

445028

445018

445037

701056

